

skrá nefnds sjóðs er dagsett 4. marz 1878, og staðfest af Hans Hátign konunginum 31. júlí s. á., — hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., tekið það fram, að, þótt neyð sú og það tjón, sem orsakazt hefir af jarðsjálpnum, stafi eigi beinlínis af eldgosí, þá virðist það geta heimfærzt undir orðin í 2. lið 1. málsgrein í. f. í skipulagsskránni, og hafið þjer því lagt það til, að ráðaneytið vilji veita samþykki sitt til þess að svo mikilli upphæð, sem ákvæði skipulagsskrárinnar heimila, verði varið til styrktar þeim, er beðið hafa tjón af optnefndum jarðskjálptum. 163  
4. des.

Það skal fyrst tekið fram að af umgetnum styrktarsjóð, sem samkvæmt skýrslu yðar er orðinn 35,000 krónur, getur eptir skoðun ráðaneytisins að eins komið til tals að verja helmingi hins upprunalega höfuðstóls, eða 8250 kr., í hag annara hjeraða Íslands en Múlasýslnanna, því að bæði hinum helmingnum og viðbótinni, sem líklega hefir myndazt af óeyddum vöxtum, má eptir skipulagsskránni að eins verja handa nefndum sýslum. En ráðaneytið verður einnig að telja það varhugavert, að veita samþykki til þess, að fyrnefndum helmingi sje varið handa þeim, sem beðið hafa tjón af jarðskjálptunum, því að orðin í 2. lið 1. málsgrein í. f. í skipulagsskránni: »viðlíka neyð og tjón í öðrum hjeruðum Íslands« virðist verða að skiljast svo sem átt sje við viðlíka neyð og tjón af ókomnum náttúruviðburðum, og talað er um að hafi átt sjer stað í Múlasýslunum útaf eldgosí, en til þessa virðist óhamingja sú, sem nú hefur komið fyrir, eigi geta heimfærzt.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendunum.

**Brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 11. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Stafafelli í Austurskaptafellsprófastsdæmi, Jón prófastur Jónsson, taki allt að 2000 kr. embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til byggingar tvíloptuðu timburhúsi á prestssetrinu, með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt með  $\frac{1}{20}$  hluta lánsins á ári, auk vaxa, að sannað verði á fultryggjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, bæjardyr með göngum, eldhús, göng til stofu, stofa og búr, að presturinn haldi húsinu vátryggðu fyrir 28,00 kr. að minnsta kosti og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi. 164  
22. des.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.